



Minjastofnun
Íslands

Samningur um styrk til atvinnuskapandi minjaverndarverkefnis

Minjastofnun Íslands, kt. 440113-0280, fyrir hönd forsætisráðuneytisins, hér eftir nefnd MI, og **Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449**, hér eftir nefnd/ur styrkþegi gera með sér eftifarandi samning um styrkveitingu.

1. gr.
Markmið

Styrkur þessi er veittur samkvæmt ákvörðun forsætisráðuneytisins og er markmið styrkveitingarinnar að styrkja atvinnuskapandi verkefni á sviði minjaverndar.

Forsætisráðuneytið hefur falið MI að annast samningsgerð vegna styrksins, sjá um útgreiðslu hans og hafa eftirlit með hinu styrkta verkefni.

Um styrkveitinguna og greiðslufyrirkomulag styrks gilda ákvæði samnings þessa sem styrkþegi hefur kynnt sér og skuldbindur sig að hlíta.

Verklýsing/greinargerð styrkþega og fylgiskjöl vegna viðkomandi verkefnis, sem send hafa verið MI, teljast einnig hluti af samningi þessum.

2. gr.
Fjárhæð styrks

Styrkur er veittur til verkefnisins: **Kúttar Sigurfari**.

Fjárhæð styrksins nemur kr. **5.000.000** og greiðist inn á reikning á kennitölu styrkþega númer 0186 - 26 - 2828, eftir því sem nánar greinir í samningi þessum.

3. gr.
Framkvæmd

Styrkurinn er veittur til fyrsta áfanga í varðveislu Kúttars Sigurfara sbr. lýsingu í bréfi Akranesbaðar til Minjastofnunar dags. 16. desember 2015. sbr. 1. gr. Styrkþega er óheimilt að framselja styrkinn til annarra aðila eða ráðstafa honum til annarra verkefna eða framkvæmda en getið er um í samningi þessum og lýst er í verklýsingu og fylgögnum styrkþega vegna styrks þessa án skriflegs samþykkis MI.

Styrkþegi skal tilkynna MI án tafar ef breytingar verða á högum styrkþega sem geta haft áhrif á framkvæmd verkefnisins. Verði breytingar sem skerða möguleika styrkþega til að vinna verkið getur réttur styrkþega til styrkveitingar fallið niður.

Áður en framkvæmd er hafin skal styrkþegi leita samráðs og samþykkis MI fyrir tilhögun verksins.

Ef um byggingarleyfisskylda framkvæmd er að ræða skal styrkþegi senda styrkveitanda rafrænt afrit af uppráttum og verkteikningum (sömu gögn og send eru byggingarfulltrúa).



Minjastofnun Íslands

Styrkþegi skal vinna verkið í samræmi við vinnuáætlum sem samþykkt er af MI. Styrkþegi skal leita fyrirfram samþykkis MI fyrir frávikum. Styrkur greiðist aðeins út ef gæði vinnu eru í samræmi við kröfur MI. Allur frágangur við verkefnið verður að vera til fyrirmynadar og í samræmi við lög, reglugerðir og samþykkt viðmið.

Til hliðsjónar skal hafa ritröð Húsafríðunarnefndar um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa, ef við á. Ritin má nálgast á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is, undir *Gagnasafn*.

Upplýsingar um fastanúmer, landnúmer og staðgreini fasteignar skulu koma fram í gögnum er verkefninu tengjast og send eru MI ef mögulegt er. Ef mannvirkir er ekki skráð með þeim hætti í fasteignaskrá skal taka af því myndir sem skulu staðsettar vandlega (með gps-hnitum ef hægt er).

4. gr. *Greiðsla styrks og greiðslufyrirkomulag*

Styrkurinn er veittur til verkefnis sem unnið skal á árinu 2014. Styrkþega ber að ljúka því verkefni eða þeim verkhluta sem styrkurinn er veittur til fyrir árslok 2014. Heimilt er, vegna sérstakra aðstæðna, að veita frest til ársins 2015 til loka verkefnis og greiðslu styrks, hafi MI borist formleg beiðni þess efnis fyrir 15. desember 2014. Formlegri beiðni um frestun þarf að fylgja góður rökstuðningur fyrir ástæðu/m frestunarbeiðni.

Styrkurinn greiðist út í tvennu lagi með eftirfarandi hætti:

- 1) Sjötíu prósent styrkfjárhæðar greiðast eftir að samningur hefur verið undirritaður.
Athugið að styrkþega ber að hefja framkvæmdir við hið styrkta verkefni innan tveggja mánaða frá undirritum samnings. Þegar verk er hafð ber styrkþega að senda staðfestingu um upphaf verks til MI og munu fulltrúar stofnunarinnar einnig samnreyna að verkefni sé hafð.
- 2) Þrjátíu prósent styrkfjárhæðar greiðast við lok verks, þegar fullnægjandi sönnun á lokum verks, að mati MI, hefur borist stofnuninni.

MI er heimilt að óska eftir gögnum og/eða upplýsingum um framvindu verkefnisins, án kostnaðar fyrir stofnunina, telji MI ástæðu til. Styrkþega ber að skila til MI lokaskýrslu um verkefnið, ásamt ljósmyndum af því sem framkvæmt hefur verið, eigi síðar en 15. desember 2014 eða eftir nánara samkomulagi við MI. Greiðsla síðari hluta styrksins, sbr. lið 2 þessarar greinar, fer fram þegar fullnægjandi lokaskýrsla, að mati MI, hefur borist.

Hafi lokaskýrsla ekki borist fyrir tilsettán tíma, sbr. framangreint, án fullnægjandi skýringa að mati MI, er stofnuninni heimilt að halda eftir lokagreiðslu til styrkþega, sbr. lið 2 þessarar greinar. Jafnframt er MI heimilt að krefjast endurgreiðslu á því sem þegar hefur verið greitt, sbr. lið 1 þessarar greinar.

5. gr. *Eftirlit*

MI hefur eftirlit með að framkvæmdir við styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leystar og í samræmi við innsendar verklýsingar og fylgigögn styrkþega vegna styrks þessa. MI skal í því skyni eiga greiðan aðgang að vinnustað framkvæmda á verktímanum og er heimilt að óska eftir hvers kyns gögnum og upplýsingum frá styrkþega sem þykja nauðsynleg vegna eftirlitsins.



Minjastofnun
Íslands

6. gr.

Ábyrgð styrkhafa

Styrkþegi ábyrgist með undirritun samnings þessa að aflað hafi verið allra lögþundinna leyfa og samþykkt sem nauðsynleg eru vegna verkefnis, hvort sem er frá stjórnvöldum eða einkaaðilum. Komi í ljós á framkvæmdatíma að skortir á nauðsynlegt leyfi og/eða samþykkt fyrir verki eða hluta þess, er á ábyrgð styrkþega að bæta úr því tafarlaust.

7. gr.

Vanefndir

Brjóti styrkþegi gegn ákvæðum samnings þessa er MI heimilt að halda eftir lokagreiðslu til styrkþega, sbr. lið nr. 2 í 4. grein þessa samnings. Jafnframt er MI heimilt að krefja styrkþega um endurgreiðslu á þeim hluta styrks sem þegar hefur verið greiddur, sbr. lið nr. 1 í 4. grein þessa samnings.

8. gr.

Lögsaga og undirritun

Um samning þennan gilda íslensk lög. Mál er kunna að rísa út af samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Til staðfestingar á öllu framangreindu undirrita báðir samningsaðilar samning þennan. Fulltrúi styrkþega staðfestir með undirritun sinni að hann hafi heimildir lögum samkvæmt til undirritunar fyrir hönd styrkþega.

Reykjavík, 18. desember 2015.

F.h. Minjastofnunar Íslands

Esther Jóhannsdóttir
Esther Anna Jóhannsdóttir
Fjármálastjóri



Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland
Islands kultúrarsstyrðsels

F.h. styrkþega

Regína Ásgríður Ólafsson
Nafn þess sem undirrita f.h. styrkþega

300660 3989

Kennitala þess sem undirrita f.h. styrkþega